


ANTIKA EHF 2019

Golfvöllur á Rifi

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Gróður og umhverfið á skráningarsvæðinu.

Forsíðumynd: Á myndinni sést nærmynd af hluta af Lárusarrennu. Myndin er klippt út af loftmynd.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9509-4-9

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir og Rúna k. Tetzschner

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifaskráningar	6
Skráningarsvæðið	7
Tilgangur fornleifaskráningar.....	10
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Fornleifanúmer	15
Tegund, hlutverk og heiti.....	15
Staðsetning.....	15
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat	16
Mótvægisáðgerðir.....	16
Fornleifar á svæðinu.....	17
Ingjaldshóll [138]	17
Þjóðleið – alfaraleið [464 og 466] gata, brú [415] heimild, Melabré [465] vað og leið [454] heimild	20
Lárusarrenna [467-468] renna varnargarður.....	23
Mógrafir [401] mógrafir	26
Samantekt og niðurstöður.....	28
Heimildir	30
Fornleifaskráning handrit	31

Kort og landamerkjaskrár	31
Árnastofnun – Örnefnasafn.....	31

Myndaskrá

Mynd 1 Gróður og umhverfið á skráningarsvæðinu.	2
Mynd 2 Skipulagssvæði golfvallarins sunnan Rífs.	7
Mynd 3 Lurkanslækur horft að Rífi.	8
Mynd 4 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Snæfellsbæ.	10
Mynd 5 Skráningarform í Snæfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	14
Mynd 6 Ingjaldshóll og Ingjaldshólskirkja – fyrir framan sést bæjarhólinn frá Stapatúni	17
Mynd 7 Alfareleið [466].	20
Mynd 8 Vaðið sem nefnt hefur verið Melabré [465].	21
Mynd 9 Brú [415] á leið [466] á herforingsráðskorti frá 1910.	22
Mynd 10 Lárusarrenna [467-468] sést einstaklega vel á loftmynd og má líka sjá hvar hún hefur verið rofin.	24
Mynd 11 Dæmi um mógrafir [401] á svæðinu.....	26
Mynd 12 Mógrafir [401] sem eru innan skipulagssvæðisins og leiðin [466] sést ágætlega. ..	27

Inngangur

Að beiðni Hildigunnar Haraldsdóttur, arkitekts, fyrir hönd Snæfellsbæjar tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á Rífi, sem Hús og skipulag ehf. er að vinna.

Skipulagssvæðið er sunnan Rífs en þar stendur til að leggja golfvöll sunnan þjóðvegarsins, milli flugvallarins og Ingjaldshóls.

Skýrsluhöfundar, Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner, fóru í vettvangsferð og skoðuðu fyrirhugað framkvæmdasvæði. Rætt var við Sæmund Kristjánsson í Rífi um minjar bæði þar og í nánasta nágrenni. Sæmundur er fæddur á Hellissandi árið 1943 en fluttist fjögurra ára gamall til Rífs og er manna fróðastur um utanvert Snæfellsnesið.

Við Ríf hefur frá fornu fari verið mikilvæg höfn og kaupstaður og tilheyrði jörðin áður Ingjaldshóli, Kjalvegi og Þrándarstöðum. Engar heimildir eru um byggð á sjálfu þessu svæði en þar finnast þó merkar minjar tengdar byggðinni sem var allt í kring. Miklar mógrafir eru um svæðið sunnanvert og vestanvert en þarna var áður mikilvægasta mótekjussvæði byggðarlagsins. Gamlar götur liggja einnig innan með suðurmörkum svæðisins og tengdu þær byggðina saman. Þá liggur Lárusarrenna, allsérstætt vatnsveitumannvirki frá lokum 19. aldar, í norður innan með austurmörkum framkvæmdasvæðisins.

Þessar minjar voru skoðaðar og skráðar á vettvangi og einnig var litast stuttlega um í nánasta nágrenni. Auk vettvangskonunnar fól skráningin í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð.

Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Þegar árið 1899 ferðaðist Brynjúlfur Jónsson um Snæfellsnes og kom þá meðal annars við í Neshreppi utan Ennis þar sem hann kannaði bæjarústir að Fossi og Gotalæk, bæjastæði Ingjaldshóls og Þrándarstaða, minjar í Rífi og bæjarhól á Hraunskarði.¹ Árið 2011 skráði Mjöll Snæsdóttir fornleifar á Hellissandi og Rífi vegna aðalskipulags Snæfellsbæjar. Frágangi þeirra gagna er ólokið en skráningin er til í handriti.² Skráning Mjallar fól þó ekki sér könnun á vettvangi nema að takmörkuðu leyti og tekur ekki til þeirra minja sem finnast á framkvæmdasvæði golfvallarins. Hún skráði hins vegar ýmis eyðibýli í kring og er skráning hennar því höfð til hliðsjónar hér eftir því sem viðeigandi þykir. Samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar og er það gert í skráningunni sem hér fer á eftir.

¹ Brynjúlfur Jónsson, „Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899“, 17-20.

² Mjöll Snæsdóttir, *Drög að fornleifaskrá Neshrepps utan Ennis og Drög að fornleifaskráningu Rífs*.



Mynd 2 Skipulagssvæði golfvallarins sunnan Rífs.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir 43 ha svæði með graslendi, móbörðum og mýrlendi. Í votlendinu er skurðir og grafir [401] um allt eftir margra alda mótak og torfristu en yfir það liggja gamlar götur [464-466-454]. Lækir sem nú renna um svæðið sunnan- og austanvert nefnast Lurkanslækur, Lárusarrenna og Jarðfallalækur. Nöfnin Lurkanslækur og Jarðfallalækur eru forn og koma fyrir í landamerkjálýsingum þegar á 13. og 14. öld.³ Rennsli lækja og áa um

³ Íslenskt fornbréfasafn, II: 166; Íslenskt fornbréfasafn, VI: 10.

Þetta svæði hefur þó breyst mikið í aldanna rás; áður runnu þarna straumharðar ár en núna seytla einungis smálækir. Hólmkelsá eða Hólmkela rann lengi þarna yfir og beint út í Rífsós og virðist nafnið Jarðfallalækur líka stundum hafa verið haft um hana.



Mynd 3 Lurkanslækur horft að Rífi.

Lurkanslækur sem rennur austur yfir svæðið sunnanvert hefur á nýrri loftmyndum og vefsíám fengið nafnið Lárusarrenna þar sem hann sveigir í norður og seytla austan megin meðfram hinni eiginlegu Lárusarrennu [467-468], manngerðri vatnsrennu frá lokum 19. aldar.⁴ Þegar norðar dregur sameinast lækurinn rennunni. Lárusarrennu var komið upp til að beina hinum fornu ám, Hólmkelu og Laxá, aftur í Rífsós þangað sem þær runnu fram á 17. öld. Rennan liggur innan með austurmörkum framkvæmdasvæðisins.

Skráningarsvæðið er innan fornra landamarka jarðarinnar Ingjaldshóls [138], austur af Ingjaldshólskirkju og bæjarhólum þar. Vestan, sunnan og norðan þess var áður byggt býlum og búðum og tóftir ýmissa bæja og bæjarhólar eru ekki langt undan. Suðvestan megin eru bæjarhólarnir frá Stapatúni, hjáleigu Ingjaldshóls, og Þæfusteini, bæ prestsins sem þjónaði

⁴ Sbr. Örnefnasjá, Kortavef Snæfellsbæjar og kort á ja.is.

Ingjaldshólskirkju. Þar fyrir ofan er Ingjaldshóll sjálfur og rétt vestur af honum bærinn Kjalvegur en norður af honum Þrándarstaðir.⁵ Sunnan við skráningarsvæðið, suður af Þæfusteini voru Hrappskot og Goddastaðir, Gotastaðir eða Gotalækur.⁶ Þetta er í Skarðslandi en bærinn Skarð var svolítið austur.⁷ Austur af Skarði voru svo Sveinsstaðir og Sveinsstaðakot og suður af þeim, undir Kerlingarfossi voru Vaðstakksheiði og Foss.⁸


Að austanverðu afmarkast skráningarsvæðið af malarveginum sem liggur að austan meðfram Lárusarrennu og yfir suðurenda hennar. Austan við þennan veg er nú flugvöllur og þar austur af liggur núverandi Þjóðvegur norðvestur meðfram Harðakampi og heldur síðan áfram norður fyrir svæðið. Norðaustan og norðan við Þjóðvegin er Rif þar sem snemma var kaupstaður og mikil búðabyggð kringum Rífsós og höfnina. Rif lá undir Ingjaldshóli, Kjalvegi og Þrándarstöðum. Lengra í vestur eru Keflavík og Hellissandur þar sem einnig voru lendingar og búðastæði, auk jarðanna Stóru-Hellu, Litlu-Hellu og Munaðarhóls sem nú hafa farið undir byggðina á Hellissandi. Tóftir og minjar tengdar allri þessarri byggð eru þó utan hins skilgreinda skipulagssvæðis.

⁵ Samkvæmt vettvangskonnnun og sjá: *Snæfellsnes*, 134; Ö-Kjalvegur og Þrándarstaðir AG.

⁶ Ö-Þæfusteinn GE.

⁷ Gotastaðarúst við Gotalæk var friðlýst árið 1928 en á friðlýsingaskrá er hún sett undir Skarð. *Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornleifar*, 26; Brynjúlfur Jónsson, „Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899“, 17-18.

⁸ Þetta hefur verið skoðað á vettvangi og dreifinguna má einnig sjá á korti frá 1910: *Herforingjaráðskort Dana*. Trúlega hafa bæði Sveinsstaðir og Vaðstakksheiði byggst úr Fossi. Fossrústir á eystri bakka Laxár voru friðlýstar árið 1928, og eru skráðar undir Sveinsstaði á friðlýsingaskrá. *Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornleifar*, 26; Brynjúlfur Jónsson, „Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899“, 17.



Mynd 4 Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Snæfellsbæ.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfyrvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

467, Lárusarrenna, Arkeologískt objekt

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Name	Lárusarrenna
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	Lárusarrenna
Bæjarnafn	Ingjaldshóll
Jarðatal Johnsen	138
Flokkun	Sjóminjar
Tegund	Niðurgroftur með hleðslu
Efni	Jarðvegur
Lengd	602 meter
Breidd	3 meter
Hæð	
Athugasemdir	
Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi
Svæði	Hólsbreið
Heimildir	Ó.E. 2004:283-297
Örnefnaskrá	
Aldur	1884-1887
Skráning	RT-RKT
Mæling	Uppmæling
Ár	2019
Dagur	11.10.2019
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorso	Vegna framkvæmda
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6454811
GPS hnit Vestur	2349537
Verkefni	Deiliskipulag golfvöllur Rif
Sveitarf	Snæfellsbær
Sveitarfelagsnr	360
Friðað	Já

Mynd 5 Skráningarform í Snæfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Ingjaldshól [138]. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Samsýn ehf.

Fornleifanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Melabré [465]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „alfaraleið [464 og 466]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Rífs yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Snæfellsbæ sem Antikva ehf. hefur hannað.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis brú. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Lárusarrenna [466-468], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis leið eða mógröf.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Snæfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Samsýn ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa engar fornleifar horfið vegna framkvæmda en brú [415] á leið [466] sést eingöngu á korti.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum.

Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf

Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 6 Ingjaldshóll og Ingjaldshólskirkja – fyrir framan sést bæjarhólinn frá Stapatúni

Ingjaldshóll [138]

Jörðin Ingjaldshóll eða Ingjaldshvoll er fyrst nefnd í *Landnámu* þar sem segir að Álfarinn Válasón nam nesið milli Beruvíkurhrauns og Ennis en hans synir voru Ingjaldur að Ingjaldshvoli, Goti að Gotalæk, Hólmkell að Fossi við Hólmkelsá og Höskuldur að Höskuldsám eða Höskuldsstöðum.⁹ Kirkja að Ingjaldhóli eða „Ingjaldshváli“ er nefnd þegar um 1200 í skrá Páls Jónssonar biskups yfir kirkjur í Skálholtsumdæmi.¹⁰ Þá var þar bænús en árið 1317 lét ábúandinn Gunnar Hauksson gera nýja kirkju sem Árni Helgason biskup hinn

⁹ *Íslensk fornrit*, I, 112.

¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII, 11.

síðari vígði sem sóknarkirkju þann 13. október.¹¹ Gunnar bóndi er árið 1350 sagður sitja að Ingjaldshóli í umboði Helgafellsklasturs en jörðin var þó í hans eigu því hann seldi hana síðan með öllum gögnum og gæðum Órækju Snorrasyni árið 1356.¹² Órækja átti í landamerkjadeilum við Ásgrím Jónsson, ábóta á Helgafelli, en þeim virðist hafa lyktað með því að höfðinginn seldi klaustrinu bæði Ingjaldshól og jörðina Kjalveg árið 1365.¹³ Ingjaldshóll var síðan í eigu Helgafellsklasturs í tæpar tvær aldir og jörðin er víða nefnd í fornum skjölum.¹⁴ Eftir siðbreytingu árið 1550 komst hún hins vegar í eigu konungs.¹⁵

Við gerð *Jarðabókar* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1711 var á Ingjaldshóli „kirkjustaður annecteraður með kirkjunni að Fróðá, og er þetta nær að kalla höfuðsóknin, sem presturinn á Þæfusteini þjónar. Jarðardýrleiki xx c og so tíundast lánngvarandi. Eigandinn Kóngleg Majestat, og liggur jörðin til Stapaumboðs.“¹⁶ Ábúandi Ingjaldshóls var á þessum tíma lögréttumaðurinn Brynjúlfur Ásmundsson en presturinn sem þjónaði bæði kirkjunni þar og á Fróðá hafði aðsetur á jörðinni Þæfusteini skammt suðaustur af Ingjaldshóli.¹⁷

Á þessum tíma hafði Ingjaldshóll skipsuppsátur og fjórar búðarstöður á Hjallasandi eða Hellissandi sem fylgdu tvær skipshafnir. Verstöðin í Rífi heyrði sameiginlega undir Ingjaldshól og jarðirnar Kjalveg og Þrándarstaði og þar var fjöldinn allur af búðum. Mitt í búðarþorpinu stóð svo Rífskrambúð og kaupstaðurinn. Einungis fjórtán búðir Ingjaldshóls í Rífi voru þó í notkun en tuttugu höfðu lagst í auðn síðustu tuttugu árin.¹⁸ Virðist líklegt að það hafi tengst versnandi hafnarskilyrðum við Rífi á 17. öld [466-468]. Búðirnar eru allar nafngreindar en nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt. Ætla má að þær hafi verið nálægt höfninni og hafi því horfið undir byggðina sem nú er í Rífi.

¹¹ *Íslenzkt fornbréfasafn*, II, 410.

¹² *Íslenzkt fornbréfasafn*, II, 849; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 111-112; sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn*, VI, 20.

¹³ *Íslenzkt fornbréfasafn*, VI, 9-10. Ártalið 1377 sem kemur fyrir í öðru fornbréfi mun vera rangt. *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 315.

¹⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn*, V, 166 og 174; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 255; *Íslenzkt fornbréfasafn*, VI, 131, 146, 150; 311; *Íslenzkt fornbréfasafn*, VII, 639.

¹⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIV, 152-153, 550, 604-605, 615; sjá einnig Ólafur Elíundarson, *Kirkjur undir jökli*, 10-19.

¹⁶ *Jarðabók*, V, 220.

¹⁷ *Jarðabók*, V, 220, 228. Staðsetning bæjarins Þæfusteins er merkt inn á herforingjaráðskort árið 1910. *Herforingjaráðskort Dana*.

¹⁸ *Jarðabók*, V, 221-226.

Auk þess er nefnd hjáleiga Ingjaldshóls, Stapatún, enn í byggð, og grasnytjarhjáleigan Tröð af heimajörðinni sem að fornu var ýmist byggð eða óbyggð en lagðist í auðn upp úr aldamótunum 1700.¹⁹ Hún hefur ekki byggst aftur en árin 1940-1942 er greint frá Litlu-Tröð, eyðibýli í Ingjaldshólstúni.²⁰

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni og sóknarpresti í *Jarðatali* Johnsens voru búðirnar frá Ingjaldshóli sextán talsins árið 1847 og grasbýlið Stapatún er nefnt ásamt fimm öðrum: tveimur á Mel, þ.e. Stóra-Mel og Litla-Mel og tveimur á Virki, Stóra-Virki og Litla-Virki.²¹ Stapatún hélt út til aldamótanna 1900 og er merkt inn á herforingjaráðskort árið 1910 sem eyðibýli.²² Bæjarhóllinn sést þó enn þá greinilega í austur niður af Ingjaldshóli, um 400 m utan skipulagssvæðisins og nokkru sunnar er einnig bæjarhóllinn frá Þæfusteini.

Hinn eiginlegi Ingjaldshóll er há náttúruleg hæð og hefur samnefndur bær staðið á henni ásamt kirkjunni en verið færður til gegnum aldirnar. Líklegt er að leifar síðasta bæjarins séu í grasi vöxnum hól suðvestur frá þeirri kirkju sem þarna stendur nú. Hún var fyrsta steinsteypa kirkjubyggingin á Íslandi, endurbyggð úr eldri kirkju árið 1903, ekki síst fyrir forgöngu framkvæmdamannsins Lárusar Skúlasonar.²³ Ingjaldshóll fór í eyði árið 1966 og nágrannajörðin Kjalvegur um sama leyti en þar stendur íbúðarhúsið enn þá. Túnin voru eftir það nýttuð frá Rífi og Hellissandi.²⁴ Samkvæmt *Jarðatali* Johnsens höfðu Þrándarstaðir hins vegar nánast eyðst af sandroki þegar árið 1805. Gömlu bæjarhólarnir eru þó enn þá vel sýnilegir og mótar þar fyrir tóftum.

¹⁹ *Jarðabók*, V, 228. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840-1842 kemur einnig fram að Ingjaldshóli fylgir hjáleigan Stapatún og Rífs veiðistaða. *Snæfellsnes*, 134.

²⁰ *Snæfellsnes*, 139.

²¹ *Jarðatal á Íslandi*, 148.

²² Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson, *Byggðir Snæfellsness*, 376; *Herforingjaráðskort Dana*.

²³ Ólafur Elíundarson, *Kirkjur undir jökli*, 172-176; Skúli Alexandersson, „Lárus Skúlason og framfaraskeið á Hellissandi,“ 54-55.

²⁴ Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson, *Byggðir Snæfellsness*, 376.



Mynd 7 Alfaraleið [466].

Þjóðleið – alfaraleið [464 og 466] gata, brú [415] heimild, Melabrá [465] vað og leið [454] heimild

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840-1842 er greint frá alfaravegi sem lá frá Breiðuvíkurbrepp inn í Ingjaldshólssókn um svokallaðar Saxahólsheiðar: „Liggur hann svo austur yfir Prestahraun að Ingjaldshóli, síðan austur yfir Hólsbreið til Ennis, svo undir Ólafsvíkurrenni.“²⁵ Þessi leið [466] er bæði merkt inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844 og herforingjaráðskort frá 1910. Á kortunum sést að hún liggur í norðaustur að Ingjaldshóli og sveigir eftir það suðaustur um leið og hún sameinast götunni [466] sem lá úr norðvestri frá Keflavík. Leiðin liggur síðan áfram suðaustur til Ennis þaðan sem einungis var hægt að

²⁵ *Snæfellsnes*, 139-140.

komast áfram fótgangandi á fjöru eða á bát, – nema farin væri lengri og erfiðari leið á bak við Ennið, upp á fjallið hjá Kerlingarfossi og eftir Ennisdal.²⁶



Mynd 8 Vaðið sem nefnt hefur verið Melabrá [465].

Hin forna þjóðleið er enn þá sýnileg og þar sem hún liggur yfir votlendið neðan Ingjaldshóls og Hólsbreið er hún inni á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Raunar má sjá tvo samhliða slóða liggja yfir þetta svæði: Þarna eru leifar götunnar [466] sem merkt er inn á herforingjaráðskortið og örlítið norðar er annar götuslóði [464]. Líklega hefur gönguleiðin verið breytileg með tilliti til mýranna í kring og vegna þess að svæðið var stöðugum breytingum undirorpið og því hafa myndast tveir stígar. Eins og sjá má á hinum fornu kortum var Hólsbreið áður talin ná yfir stærra svæði og lengra vestur en nú.

²⁶ *Herforingjaráðskort Dana*; Björn Gunnlaugsson og Olaf Nikolas Olsen. *Uppdráttir Íslands; Snæfellsnes*, 21-22, 139-140.



Mynd 9 Brú [415] á leið [466] á herforingsráðskorti frá 1910.

Á herforingjaráðskortinu eru þarna merktir inn tveir lækir sem renna í norðaustur að Rifshöfn. Sá vestri er ónafngreindur og liggur brú [415] yfir hann. Hvorki þessi lækur né brúin yfir hann eru þó lengur sýnileg. Hins vegar tengist örnefnið Melabrú nú vaði [465] yfir eystri lækinn sem á herforingjaráðskortinu nefnist Skarðslækur en heitir Jarðfallalækur á ja.is. Áin sem rennur frá Hólmkelsá, þ.e. Laxá, í norðvestur meðfram Harðakampi er hins vegar kölluð Jarðfallalækur á kortinu frá 1910. Hér er því mikilvægt að hafa hugfast að bæði lækjarfarvegirnir og nöfnin hafa færst til.

Þar sem heitir Melabrú er greinilegt vað [465] yfir hinn núverandi Jarðfallalæk og liggur reiðleið yfir hann sem beint framhald götunnar [464]. Nokkru ofar með þessum læk, þar sem hinn götuslóðinn liggur [466] samkvæmt herforingjaráðskortinu eru steinastiklur sem gangandi ferðalangar hafa getað notast við. Lengra austur á Hólsbreið eru fallega hlaðnar torfvörður við götuna en þær eru utan marka skipulagssvæðisins. Sá hluti leiðarinnar [464-466] sem er innan markanna var mældur upp og merktur í kortagrunn.

Á herforingjaráðskortinu má einnig sjá götu [454] sem lá suður frá alfaraleiðinni [466] frá eystri enda brúarinnar [415] yfir vestri lækinn og yfir að býlinu Skarði. Er hún illgreinanlega á vettvangi en hluti hennar liggur innan svæðisins.


Lárusarrenna [467-468] renna varnargarður

Lengi vel var ein öruggasta og mikilvægasta lendingin á vestanverðu Snæfellsnesi í Rífsvör og Rífsósi við Rífi. Utan við ósinn er náttúrulegt grjótrif sem staðurinn hefur líklega verið kenndur við og var vörin rudd gegnum það; fyrir innan var ákjósanleg höfn bæði fyrir báta og stærri skip. En á 17. öld eyðilagðist þetta forna skipalægi af árframburði og hafstraumum. Af skjölum og bréfaskiptum frá 17. og 18. öld má ráða að árnar Hólmkela og Laxá hafi áður báðar runnið norður af fjalli yfir Hólsbreið og komið út í Rífsósi. Þegar kom fram á 17. öld flutti Hólmkela með sér mikinn framburð úr Snæfellsjökli sem hlóðst upp í ósnum og á Breiðinni. Hinir fornu árfarvegir lokuðust og árnar ruddu sér leið austur og runnu sameinaðar niður á Harðakamp.²⁷ Þótt heimildir geti ekki um það benda jarðfræðilegar rannsóknir sterklega til þess að gos undir jöklinum á 17. öld með tilheyrandi bráðnun íss hafi valdið ofsaflóðum sem báru gríðarmikla gjósku með ám niður á láglendið og kann það að skýra hinar skyndilegu breytingar sem urðu á þessum tíma.²⁸

Höfnin í Rífsósi grynnaði af sandframburði og varð ófær stærri skipum og við það bættist svo að Rífsvör fylltist smám saman af grjóti í stórbrimum. Íbúar í Rífi kröfðust hafnarbóta og gekk um það dómur árið 1686 þar sem málinu var vísað til landfógeta en ekkert var aðhafst. Þetta virðist hafa verið mikið áfall fyrir byggðina á stóru svæði þarna í kring því að lendingarskilyrði voru víðast mjög erfið. Alla 18. og 19. öld héldu íbúarnir áfram að berjast fyrir tilstyrk til að ryðja vörina og laga höfnina en höfðu ekki árangur sem erfiði. Árið 1882 var Sveinn Sveinsson búfræðingur þó fenginn til að taka verkefnið út og lagði hann fram áætlun um hvernig Hólmkelu og Laxá skyldi veitt aftur út í Rífsós.

²⁷ Ö-Ingjaldshóll Sp.; Ólafur Elíundarson, *Undir bláum sólarsali*, 283-289.

²⁸ Guðmundur Þorsteinsson, „Eldur uppi í Snæfellsjökli á 17. öld?“ 86-87, 89.



Mynd 10 Lárusarrenna [467-468] sést einstaklega vel á loftmynd og má líka sjá hvar hún hefur verið rofin.

Árið 1884 voru komin vilyrði um fjárstyrk og sumarið 1884 var loks hafist handa undir forystu Lárusar Skúlasonar bátaformanns og fulltrúa Neshrepps í sýslunefnd. Hann vann undir umsjón Ásmundar Sveinssonar umboðshaldara en þurfti í fyrstu sjálfur að leggja fram fé til að greiða verkamönnunum fyrir vinnuna.²⁹

Grafinn var 785 faðma langur skurður frá Melabrúarhorni ofan í Rífsós og garður hlaðinn alla leið meðfram honum nema hvað þurfti að endurbæta 100 faðma kafla efst við Melabruna. Jafnframt var hlaðinn 15 faðma langur stíflugarður í gamla árfarveginn. Eftir það rann áin eftir hinni nýju rennu beint í ósinn í tæplega viku en braut þá skörð í garðinn hér og þar og eyðilagði stífluna. Þegar þarna var komið höfðu verið unnin samtals 240 dagsverk við framkvæmdina og var áætlað að 50 dagsverk í viðbót þyrfti til að gera nauðsynlegar umbætur. Eftir allnokkrar bréfaskriftir og málalengingar var Torfi Bjarnason skólastjóri í Ólafsdal loks fenginn til að fullgera verkið vorið 1887. Hann kom í Ríf ásamt skólapiltum sínum og luku þeir við bæði skurði og stíflugarða þannig að áin rann um ósinn og dýpkaði hann. Allt kom þó fyrir ekki því aðeins tveimur dögum síðar braut hún aftur skarð í varnargarðinn og streymdi í eystri farveginn. Þessar fyrstu hafnarbætur í Rífi fóru því út um þúfur og ekki var hafist handa aftur fyrr en árið 1951.³⁰

Varnargarðurinn og farvegurinn meðfram honum sjást þó enn þá og hefur þetta mannvirki jafnan verið nefnt Lárusarrenna. Hún er greinileg rétt vestan megin við malarveginn vestan flugvallarins og liggur beint í norðnorðaustur. Vegurinn liggur yfir suðurenda Lárusarrennu og sést einnig brot af henni hinum megin eða austan vegarins.

Rennan er niðurgráfin og varnargarðurinn eða veggirnir meðfram henni hlaðnir upp og myndaðir með uppmokstri beggja vegna. Hún er um 11,3 m breið en virðist breikka í nyrðri endanum. Þar er varnargarðurinn tvöfaldur vestan megin [468] og með honum verður rennan allt að 34 m á breidd en mjókkar síðan aftur nyrst. Veggirnir eru 1,20-1,60 m á breidd; sá vestri [468] er 543 m langur og sá eystri [467] er jafnlangur rennunni eða 602 m en rofinn á nokkrum stöðum. Upphaflega hefur rennan þó verið meira en tvöfalt lengri því 785 faðmar

²⁹ Ólafur Elíundarson, *Undir bláum sólarsali*, 283-297; Skúli Alexandersson, „Lárus Skúlason og framfaraskeið á Hellissandi“, 52-53.

³⁰ Ólafur Elíundarson, *Undir bláum sólarsali*, 297-302.

jafngilda um 1310-1530 m.³¹ Væntanlega hefur hún smám saman fyllst af sandi og nyrsti hlutinn farið undir þjóðveginn.

Þótt ekki hafi tekist að koma Lárusarrennu í gagn til lengdar er hún merkilegt mannvirki og minnisvarði um aðgerðir manna til hafnarbóta á 19. öld.



Mynd 11 Dæmi um mógrafir [401] á svæðinu.

Mógrafir [401] mógrafir

Árið 1711 var „móskurður til eldiviðar nægur“ í landi Ingjaldshóls, bæði fyrir heimabóndann og búðamenn hans á Rífi og Hjallasandi, og „stundum nokkrum mönnum þar að auki fyrir betaling.“³² Í *Jarðabókinni* segir enn fremur: „Ekki er kvikfje óhætt fyrir torfgröfum, sem árlega vaxa fyrir kringum búenda nauðsyn, sem ekki má niður falla, því að við torfskurðinum

³¹ Einn faðmur var 167 sm en málfaðmur var 195 sm: *Íslensk orðabók*, 185.

³² *Jarðabók*, V, 220.

liggur eyðilegging nærliggjandi kóngsins jarða, ef þær mætti ekki þessa eldiviðartaks njóta.³³ Hér er líklega bæði verið að tala um mótak og torfskurð en fram eftir öldum var ekki gerður skýr greinarmunur á þessu tvennu. Mór myndaðist á votlendi úr jarðlagi með jurtaleifum undir grassverði og þótti betri til eldsneytis en torf. Notkun hans var orðin mjög algeng á Ísland á 14. öld en hefur þó byrjað miklu fyrr.³⁴ Fornleifarannsóknir sýna að mór var notaður sem eldsneyti alveg frá landnámi.



Mynd 12 Mógrafir [401] sem eru innan skipulagssvæðisins og leiðin [466] sést ágætlega.

Þess má svo geta að þegar árið 1280 er talað um stakkskurð í Folafalli í landi Ingjaldshóls.³⁵ Slíkt örnefni beintengt stakkskurði bendir óneitanlega til þess að þá þegar hafi mógrafir og torfgrafir á svæðinu verið orðnar svo margar að þær hafa skapað hættu fyrir búfénaðinn. Mótak hefur meðal annars verið í mýrunum austur og norðaustur af Ingjaldshóli og hefur þetta svæði gagnast allri byggðinni í kring. Þar er allt sundurgrafið eftir mótekjuna og fjölmargar mógrafir [401] eru enn þá sýnilegar.

³³ *Jarðabók*, V, 221.

³⁴ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands*, 160-173.

³⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*, II, 166.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar átta fornleifar. Í votlendinu að sunnan og austanverðu, austur niður af Ingjaldshól, eru óvenjulega margar mógrafir [401] enda ljóst að allt byggðarlagið hafði mótak þarna öldum saman, jafnvel frá landnámi. Þessar mógrafir eru ekki síst merkilegar vegna þess hve umfangsmikil mótekjan hefur verið á þessu svæði. Í skipulaginu er þó gert ráð fyrir að golfbrautirnar liggi yfir þær að hluta.

Gamla alfaraleiðin [464/466] lá úr vestri í suðaustur yfir votlendið með mógröfunum, nokkru innan við suðurmörk framkvæmdasvæðisins. Myndast hafa tveir götuslóðar, sennilega vegna mýranna, og eru báðir varðveittir. Annar [466] er teiknaður inn á herforingjaráðskortið frá 1910 og liggur hinn [464] í sveig til hliðar við hann örlítið norðar.

Samkvæmt skipulaginu eiga golfbrautir að liggja alveg upp við nyrðri götuslóðann [464] beggja vegna hans og fer reitur 3 við suðurmörk svæðisins því yfir syðri slóðann [466]. Vestan megin á framkvæmdasvæðinu greinist alfaraleiðin [464/466] í tvær kvíslar sem liggja suðvestur að Ingjaldshóli og norðvestur til Keflavíkur. Frá austurenda horfinnar brúar [415] sem hefur verið á syðri götuslóðanum hefur auk þess legið gata [454] niður að bænum Skarði en einungis sjást ógreinilegar leifar af henni.

Heitið Melabrá er hins vegar tengt gömlu vaði [465] yfir lækinn í suðurhorni framkvæmdasvæðisins. Göturnar gömlu sem lágu milli bæja og byggða eru mikilsverður vitnisburður um samgöngur fyrri alda og er æskilegt að gæta vel að þeim. Í skipulaginu er gert ráð fyrir því að golfbraut 2 verði lögð rétt sunnan við vaðið og alfaraleiðina [464/466] og að golfskáli verði staðsettur norðan þess.

Skálinn verður jafnframt skammt frá suðurenda Lárusarrennu [467-468], vatnsrennu sem gerð var í lok 19. aldar til að veita fljótunum Hólmkelu og Laxá aftur í fornan farveg beint út í Rífsós. Lárusarrenna liggur í norður innan með austurmörkum framkvæmdasvæðisins og er mikilvægt að vernda hana. Í seinni tíð virðist nafnið einnig hafa færst yfir á Lurkanslæk sem rennur samhliða henni á kafla en við framkvæmdir verður að forðast að rugla rennunni saman við hann. Lárusarrenna er óvenjulegt mannvirki sem vitnar um tilraunir manna til hafnarbóta en höfnin við Rif og barátta íbúanna fyrir bættum skilyrðum eftir hamfarir á 17. öld er

samofin sögu alls byggðarlagsins. Vel færi á því að komið væri upp fræðsluskilti við Lárusarrennu þar sem þessi saga væri sögð. Varðveisla hennar ætti vel að geta farið saman við fyrirhugaða starfsemi á svæðinu; fella mætti notkun golfvallarins að þessum minjum og nýta þær þannig sem hluta af honum.

Minjarnar sem finnast á framkvæmdasvæðinu tengjast byggðinni í kring en þarna voru allmargir bæir vestan og sunnan megin, auk fjölmargra búða og kaupstaðarins í Rífi norðan megin. Bæirnir lögðust flestir í eyði á fyrri hluta 19. aldar og um miðbik hennar en gömlu bæjarhólarnir eru margir sýnilegir og sums staðar sjást bæði rústir og hlaðnir garðar. Vegna heildarsamhengisins þykir rétt að vekja athygli á þessum fornu byggðaleifum sem væru verðugt rannsóknarefni síðar. Þær eru þó 400 m eða meira fyrir utan skipulagssvæðið þannig að þeim er engin hættu búin vegna framkvæmda kringum golfvöllinn.

Vakin skal athygli á því að ef á að raska minjum vegna skipulagsins þarf leyfi Minjastofnunar fyrir því. Ekki er heldur víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 15, 1900, bls. 9-27.

Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, 1990.

Guðmundur Þorsteinsson. „Eldur uppi í Snæfellsjökli á 17. öld?“ *Náttúrufraeðingurinn*, 81, 2011, bls. 85-90.

Íslenskt fornbréfasafn, II. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1893.

Íslenskt fornbréfasafn, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896.

Íslenskt fornbréfasafn, V. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1899-1902.

Íslenskt fornbréfasafn, VI. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1900-1904.

Íslenskt fornbréfasafn, VII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1903-1907.

Íslenskt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Íslenskt fornbréfasafn, XIV. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944-1949.

Íslensk fornrit, I. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.

Íslensk orðabók. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Árni Böðvarsson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning, 1992.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, V. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1931-1933.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Ólafur Elíundarson. *Kirkjur undir jökli: Vísitásiur o.fl. að Ingjaldshóli, Hellnum, Knerri, Laugarbrekku, Einarslóni og Saxahóli 1200-1998*, I. Jökla hin nýja: Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000.

Ólafur Elíundarson. *Undir bláum sólarsali*, II. Jökla hin nýja: Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

Skúli Alexandersson. „Lárus Skúlason og framfaraskeið á Hellissandi.“ *Breiðfirðingur*, 62, 2008-2009, bls. 36-64.

Snæfellsnes, III. Sýslu- og sóknalýsingar. Útg. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson. Reykjavík: Snæfellingaútgáfan, 1970.

Þórður Kárasen, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson (ritn.). *Byggðir Snæfellsness: Gefið út í tilefni 60 ára afmælis Búnaðarsambands Snæfellinga, og 11 alda Íslandsbyggðar 1974*. Stykkishólmur: Búnaðarsamband Snæfellinga, 1977.

Fornleifaskráning handrit

Mjöll Snæsdóttir. *Drög að fornleifaskráningu Rífs*. Óprentað handrit. 2011.

Mjöll Snæsdóttir. *Drög að fornleifaskrá Neshrepps utan Ennis, annað en þéttbýli*. Óprentað handrit. 2011.

Kort og landamerkjaskrár

Björn Gunnlaugsson og Olaf Nikolas Olsen. *Uppdráttir Íslands*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1844.

Herforingjaráðskort Dana: Snæfellsjökull – Ólafsvík. Kaupmannahöfn, 1910.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Ingjaldshóll Sp.: *Svör við spurningaskrá um Ingjaldshól*. Jónína Hafsteinsdóttir gekk frá handriti. Ekkert ártal.

Ö-Kjalvegur og Þrándarstaðir AG: *Örnefnalýsing Kjalvegs og Þrándarstaða*. Ari Gíslason skráði. Ekkert ártal.

Ö-Þæfusteinn: *Örnefnalýsing Þæfusteins*. Guðmundur Einarsson skráði. Ekkert ártal.

ANTIKA EHF 2019


Fornleifaskrá Hólsbreið á Rifi

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner



Nr.	401	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði		Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Niðurgröftur	Tegund	Mógröf	Flokkur	Nytjar		
Sérheiti	Mógrafir	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1000-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling á svæðinu		Heimildir				
Isnet E	271403,2800	GPS N	6454625				
Isnet N	498728,1570	GPS V	2350125	Minjagildi			
Ljósmyndari	Loftmynd	Mótvægisaðgerðir					



Mógrafir [401]. Mótak hefur meðal annars verið í mýrunum austur og norðaustur af Ingjaldshóli og hefur þetta svæði gagnast allri byggðinni í kring. Þar er allt sundurgrafið eftir mótekjuna og fjölmargar mógrafir [401] eru enn þá sýnilegar. Sjá en frekar í skýrslu.

Nr.	415	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Melabörð	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Heimild	Tegund	Brú	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Brú	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Ekki sé	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1800-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Leið		Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Herforingjaráðskort 1910	Heimildir	Herforingjaráðskort				
Isnet E	271408,6670	GPS N	6454603				
Isnet N	498722,3169	GPS V	2350072	Minjagildi			
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Mælt upp af korti				



Á herforingjaráðskortinu eru þarna merktir inn tveir lækir sem renna í norðaustur að Rifshöfn. Sá vestri er ónafngreindur og liggur brú [415] yfir hann. Hvorki þessi lækur né brúin yfir hann eru þó lengur sýnileg. Hins vegar tengist örnefnið Melabrá nú vaði [465] yfir eystri lækinn sem á herforingjaráðskortinu nefnist Skarðslækur en heitir Jarðfallalækur á ja.is. Hins vegar tengist örnefnið Melabrá nú vaði [465] yfir eystri lækinn sem á herforingjaráðskortinu nefnist Skarðslækur en heitir Jarðfallalækur á ja.is. Áin sem rennur frá Hólmkelsá, þ.e. Laxá, í norðvestur meðfram Harðakampi er hins vegar kölluð Jarðfallalækur á kortinu frá 1910. Hér er því mikilvægt að hafa hugfast að bæði lækjarfarvegirnir og nöfnin hafa færst til.

Svæðið er allt sundurskorið af mógröfum.

Nr.	454	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði		Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Gata	Tegund	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Leið	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1500-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Leið	Frá Skarði að alfaraleið [466]		Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi			
Lengd	1.3 km	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Herforingjaráðskort 1910		Heimildir	Herforingráðskort			
Isnet E	271559,935	GPS N					
Isnet N	498060,4650	GPS V		Minjagildi			
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Mælt upp af korti				



Á herforingjaráðskortinu má einnig sjá götu [454] sem lá suður frá alfaraleiðinni [466] frá eystri enda brúarinnar [415] yfir vestri lækinn og yfir að býlinu Skarði. Er hún illgreinanlega á vettvangi en hluti hennar liggur innan svæðisins.

Nr.	464	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Hólsbreið	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Gata	Tegund	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Þjóðleið	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi				
Lengd	585 m	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	271506,1379	GPS N	6454614				
Isnet N	498740,109	GPS V	2349902	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Uppmæling				



Hin forna þjóðleið er enn þá sýnileg og þar sem hún liggur yfir votlendið neðan Ingjaldshóls og Hólsbreið er hún inni á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Raunar má sjá tvo samhliða slóða liggja yfir þetta svæði: Þarna eru leifar götunnar [466] sem merkt er inn á herforingjaráðskortið og örlítið norðar er annar götuslóði [464]. Líklega hefur gönguleiðin verið breytileg eftir sem því sem þurfti með tilliti til mýranna í kring og þess að svæðið hefur verið stöðugum breytingum undirorpið og því hafa myndast tveir stígar. Eins og sjá má á hinum fornu kortum var Hólsbreið áður talin ná yfir stærra svæði og lengra vestur en nú.

Nr.	465	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Hólsbreið	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Vað - brú	Tegund	Lækur - vað	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Melabrú	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		


Ástand	Ekki manngert	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	
Aldur		Horfin		Horfin ástæða	
Leið			Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi	
Lengd	752 m	Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort			Örnefnaskrá		
Mæling	Uppmæling		Heimildir		
Isnet E	271709,8620	GPS N	6454564		
Isnet N	498617,4120	GPS V	2349685		
		Minjagildi			
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir			



Á herforingjaráðskortinu eru þarna merktir inn tveir lækir sem renna í norðaustur að Rifshöfn. Sá vestri er ónafngreindur og liggur brú [415] yfir hann. Hvorki þessi lækur né brúin yfir hann eru þó lengur sýnileg. Hins vegar tengist örnefnið Melabrú nú vaði [465] yfir eystri lækinn sem á herforingjaráðskortinu nefnist Skarðslækur en heitir Jarðfallalækur á ja.is. Áin sem rennur frá Hólmkelsá, þ.e. Laxá, í norðvestur meðfram Harðakampi er hins vegar kölluð Jarðfallalækur á kortinu frá 1910. Hér er því mikilvægt að hafa hugfast að bæði lækjarfarvegirnir og nöfnin hafa færst til.

Nr.	466	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Hólsbreið	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Gata	Tegund	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Þjóðleið	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Vel greinanleg	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda
Aldur	900-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi		
Lengd		Breidd		Hæð	
Túnakort		Örnefnaskrá			
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Herforingjaráðskort 1910		
Isnet E	271301,0009	GPS N	6454570		
Isnet N	498779,5289	GPS V	2349920	Minjagildi	
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Uppmæling		



Hin forna þjóðleið er enn þá sýnileg og þar sem hún liggur yfir votlendið neðan Ingjaldshóls og Hólsbreið er hún inni á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Raunar má sjá tvo samhliða slóða liggja yfir þetta svæði: Þarna eru leifar götunnar [466] sem merkt er inn á herforingjaráðskortið og örlítið norðar er annar götuslóði [464]. Líklega hefur gönguleiðin verið breytileg eftir sem því sem þurfti með tilliti til mýranna í kring og þess að svæðið hefur verið stöðugum breytingum undirorpið og því hafa myndast tveir stígar. Eins og sjá má á hinum fornu kortum var Hólsbreið áður talin ná yfir stærra svæði og lengra vestur en nú.

Nr.	467	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Hólsbreið	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Niðurgröftur - garðlag	Tegund	Óþekkt	Flokkur	Sjóminjar		
Sérheiti	Lárusarrenna	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag golfvöllur Rif		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
--------	-----------------------------	----------	-------------	------------	------------------	--	--

Aldur	1884-1887	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
-------	-----------	--------	-----	---------------	--	--	--

Leið	Hafnargerð	Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi				
------	------------	----------	-------------------------------	--	--	--	--

Lengd	602	Breidd	3	Hæð		Hleðslu umferð	
-------	-----	--------	---	-----	--	----------------	--

Túnakort		Örnefnaskrá					
----------	--	-------------	--	--	--	--	--


Mæling	Uppmæling	Heimildir	Ó.E. 2004:283-297				
--------	-----------	-----------	-------------------	--	--	--	--

Isnet E	271838,728	GPS N	6454811
---------	------------	-------	---------

Isnet N	498954,6610	GPS V	2349537
---------	-------------	-------	---------

Minjagildi	Hátt
------------	------

Ljósmyndari	Samsýn ehf	Mótvægisaðgerðir					
-------------	------------	------------------	--	--	--	--	--



Varnargarðurinn og farvegurinn meðfram honum sjást þó enn þá og hefur þetta mannvirki jafnan verið nefnt Lárusarrenna. Hún er greinileg rétt vestan megin við malarveginn vestan flugvallarins og liggur beint í norðnorðaustur. Vegurinn liggur yfir suðurenda Lárusarrennu og sést einnig brot af henni hinum megin eða austan vegarins. Rennan er niðurgráfin og garðarnir eða veggirnir meðfram henni hlaðnir upp og myndaðir með uppmokstri beggja vegna., vestur veggur og austurveggur [467. Rennan er um 11,3 m breið en virðist breikka í nyrðri endanum. Þar er varnargarðurinn tvöfaldur vestan megin og með honum verður rennan allt að 34 m á breidd. Veggirnir eru 1,20-1,60 m á breidd; sá vestri [468] er 543 m langur og sá eystri [467] jafnlangur rennunni eða 602 m en rofin á nokkrum stöðum. Upphaflega hefur rennan þó verið meira en tvöfalt lengri því 785 faðmar jafngilda 1310-1530 m. Vætanlega hefur hún smám saman fyllst af sandi og nyrsti hlutinn farið undir þjóðveginn. Sjá skýrslu.

Nr.	468	Bæjarnafn	Ingjaldshóll	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	138
Svæði	Hólsbreið	Sveitafélag	Snæfellsbær	Dagur.	11.10.2019	Skráning	11.10.201
Hlutverk	Niðurgröftur -garðlag	Tegund	Óþekkt	Flokkur	Sjóminjar		
Sérheiti	Lárusarrenna	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Rif		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda
--------	-----------------------------	----------	-------------	------------	------------------

Aldur	1884-1887	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
-------	-----------	--------	-----	---------------	--

Leið	Hafrnargerð	Umhverfi	Graslendi, móbörð og mýrlendi
------	-------------	----------	-------------------------------


Lengd	543 m	Breidd	2-3 m	Hæð		Hleðslu umferð	
-------	-------	--------	-------	-----	--	----------------	--

Túnakort		Örnefnaskrá	
----------	--	-------------	--


Mæling	Uppmæling	Heimildir	Ó.E. 2004:283-297
--------	-----------	-----------	-------------------

Isnet E	271826,5370	GPS N	6454809
Isnet N	498987,4039	GPS V	2349555
		Minjagildi	Hátt

Ljósmyndari	Samsýn ehf	Mótvægisaðgerðir	
-------------	------------	------------------	--



Varnargarðurinn og farvegurinn meðfram honum sjást þó enn þá og hefur þetta mannvirki jafnan verið nefnt Lárusarrenna. Hún er greinileg rétt vestan megin við malarveginn vestan flugvallarins og liggur beint í norðnorðaustur. Vegurinn liggur yfir suðurenda Lárusarrennu og sést einnig brot af henni hinum megin eða austan vegarins. Rennan er niðurgrafin og garðarnir eða veggirnir meðfram henni hlaðnir upp og myndaðir með uppmokstri beggja vegna., vestur veggur og austurveggur [467. Rennan er um 11,3 m breið en virðist breikka í nyrðri endanum. Þar er varnargarðurinn tvöfaldur vestan megin og með honum verður rennan allt að 34 m á breidd. Veggirnir eru 1,20-1,60 m á breidd; sá vestri [468] er 543 m langur og sá eystri [467] jafnlangur rennunni eða 602 m en rofin á nokkrum stöðum. Upphaflega hefur rennan þó verið meira en tvöfalt lengri því 785 faðmar jafngilda 1310-1530 m. Vætanlega hefur hún smám saman fyllst af sandi og nyrsti hlutinn farið undir þjóðveginn. Sjá skýrslu.



Deiliskipulag á Rifi

Yfirlitskort fornleifar á svæðinu

Antikva ehf.


Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: RT-RKT 10.10.2019

Dagsetning: 31.10.2019

Kort nr. 1


Loftmynd: Samsýn ehf.



Deiliskipulag á Rifi

Fornleifar á svæðinu

Antikva ehf.
Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
Skráning: RT-RKT 10.10.2019
Dagsetning: 31.10.2019
Kort nr. 2
Loftmynd: Samsýn ehf.



Deiliskipulag á Rifi
Uppmæld Lárusarrenna.

Antikva ehf.
Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
Skráning: RT-RKT 10.10.2019
Dagsetning: 31.10.2019
Kort nr. 3
Loftmynd: Samsýn ehf.